



## **273. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 20. nóvember 2018, kl. 15:00 að Austurvegi 56, Selfossi.**

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá sátu fundinn Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice, Alda Alfreðsdóttir SASS og Bjarni Guðmundsson SASS.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

### **1. Þjónustusamningur við SASS.**

Formanni veitt umboð til að undirrita endurnýjaðan samning við SASS.

### **2. Íslenska gámafélagið. Skráning úrgangs og framtíðin - á fundinn mæta Jón Frantzson og Guðjón Egilsson frá ÍGF.**

Fulltrúar ÍGF telja engin vandkvæði þurfa að vera á skráningu og skilum upplýsinga og eru tilbúnir að vinna það með Stefáni Gíslasyni og SASS. Birgir Kristjánsson er tengiliður ÍGF í því verkefni.

ÍGF telur útflutning sorps til brennslu vera fýsilegan valkost sem standist kostnaðarsamanburð, svo fremi sem lífrænn úrgangur sé flokkaður frá. Kostnaður á hvert kíló gæti orðið nálægt 25 krónum. Sex mánuði tekur að koma slíku kerfi í gang.

ÍGF telur nauðsynlegt að koma upp þriggja tunnu kerfi til að meðhöndla lífrænan úrgang sérstaklega í moltugerð, fjögurra hólfa kerfin hafa nokkra annmarka, m.a. frá vinnuverndarsjónarmiði.

### **3. Gámaþjónustan. Skráning úrgangs og framtíðin - á fundinn mæta Gunnar Bragason og Arngrímur Sverrisson frá Gámaþjónustunni.**

Arngrímur verður tengiliður við Stefán Gíslason og SASS um skráningu og skil á upplýsingum um sorpmagn. Upplýsingum verður skilað mánaðarlega í tengslum við reikningagerð Gámaþjónustunnar.

Gámaþjónustan telur útflutning til brennslu mögulegan, en dýrari kost en núverandi lausnir. Ekki er laust pláss í brennslu erlendis fyrr en í fyrsta lagi 2020. Miðlægur aðili gæti sjálfsagt tekið við brennsluefni til útflutnings fyrir bæði sorpfélögin, þó þau myndu ekki vinna sameiginlega að því.

Gámaþjónustan hefur þróað jarðgerð með góðri moltu sem talist gæti söluvara, en vildu gjarnan koma sér upp betri aðstöðu. Þeir bjóða þessa lausn á höfuðborgarsvæðinu. Víða er hægt að framkvæma jarðgerð en spurning hver eru þá gæði moltunnar varðandi afsetningu. Þeir nota sérstaka gáma til að framleiða gæða moltu. Hirðing lífræns úrgangs má hvort heldur vera með sérstakri tunnu eða hólfi í tunnu.

Gámaþjónustan safnar endurvinnsluefni frá nokkrum sveitarfélögum. Þeir eru með vísi að sjálfvirkri flokkun.

**4. Valkostagreiðing á urðunarstöðvum. -Stefán Gíslason og Bárður Árnason frá Eflu mæta á fundinn-**

Kynnt skýrsla frá Eflu með mati valkosta. Nánari athugun og rannsóknir til að skila fullkomnu mati.

Formanni falið að ræða við Sorpstöð Rangæinga og Hulu um möguleika á samstarfi.

Stefáni og Bárði falið að ræða við landeigendur á helstu mögulegu stöðum fyrir urðun á óvirkum úrgangi.

Stjórn samþykkir að auglýsa eftir landi undir urðunarstað.

**5. Staða á viðræðum við SSH/SORPU og móttöku úrgangs.**

Stjórn felur formanni að óska eftir fundi með SSH/Sorpu til að fara yfir þá vinnu sem farið hefa fram við leit að urðunarstað á Suðurlandi að undanförmu og áframhaldi möguleika á samstarfi sorpsamlagana.

**6. Önnur mál.**

Bjarna og Öldu falið að hafa samband við Sorpstöð Rangæinga til að fá upplýsingar um sorpmagn árið 2018 þannig að rukka megi fyrir umsýslugjald.

Farið var yfir minnispunkta frá Bjarna frá SASS vegna skoðun Umhverfistofnunar á Kirkjuferjuháleigu. Bjarna ásamt Bárði falið að fara yfir mögulegar úrbætur.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn á Hellu fimmtudaginn 13. desember n.k. kl. 13:00.

Fundi slitið klukkan 18:45